


UMHVERFIS JÖRÐINA

NÁMSEFNI Á VEF – KYNNING FYRIR KENNARA



Efnisyfirlit

Hvað er Umhverfis jörðina?	3
Hvert skal haldið?	9
Heimasíðan Umhverfis jörðina	11
Hvers konar efni er í Umhverfis jörðina?	13
Hugmyndir um notkun námsefnisins Umhverfis jörðina	18
Hugmyndafræði.	28


Hvað er Umhverfis jörðina?

Nýbreytni í kennslu – nemendur fara í leiðangur umhverfis jörðina

Með námsefninu *Umhverfis jörðina* opnast kennurum og nemendum nýjar leiðir til að kynnast framandi þjóðum, lífnaðarháttum þeirra, siðvenjum og umhverfi. Ferðast er til 12 áfangastaða víða um heim. Hverjum áfangastað fylgir fjöldi greina og mynda um mannlíf, menningu og staðhætti.

Markmið kennara er jafnan að tengja kennslu sína lífinu utan veggja skólans. En kennurum er ekki aðeins annt um að tengja skólastarfið lífsreynslu nemenda, frítíma þeirra og daglegu amstri heldur vilja þeir ekki siður kynna nemendum sínum atburði og fyrirbæri umheimsins, gefa þeim innsýn í mismunandi lífsskilyrði og fjölbreytta menningu fólks um víða veröld.

Hvað er að gerast? Hvernig er daglegt líf fólksins? Hver eru markmið þess og hverjir draumar þess? Þegar tekist er á við spurningar af þessu tagi er kennurum annt um að tengja þær og svörin við þeim reynsluheimi nemenda. Það getur stundum reynst erfitt með hefðbundnu námsefni.



Umhverfis jörðina

er nýtt og áhugavert námsefni fyrir alla grunnskóla sem hafa aðgang að netinu. Allir skólar geta keypt áskrift að efniinu. Baksvið efnisins er 500 daga leiðangur blaðamanna og ljósmyndara frá danska dagblaðinu Jyllandsposten. Leiðangurinn fékk nafnið *JP-Könnuður*. Í leiðangrinum var sjónum sérstaklega beint að hugmyndum og fyrirbærum sem munu hafa áhrif á líf okkar á næstu öld.

Á heimasíðu Jyllandsposten (www.jp.dk/explorer) má fylgjast með ferðalagi blaðamannanna frá einum áfangastað til annars, skoða myndir, lesa frásagnir þeirra og bakgrunnsefni. U.p.b. 40 staðir hafa verið valdir og tengdir sérstökum þemaverkefnum.

Öllu þessu efni er bæði ætlað að höfða til ungs fólks og þeirra sem eldri eru. Til þess að nýta það sem námsefni valdi danska námsefnisútgáfan SkoleMedi@ 12 áfangastaði víða um heim og tengdi hvern þeirra um sig viðeigandi þema til að nota í kennslu. Námsgagnastofnun hefur lát-ið þýða námsefnið frá SkoleMedi@ og gert það aðgengilegt fyrir íslenska grunnskólanemendur á heimasíðu sinni.

Frekari upplýsingar um tilhögun ferða og áfangastaði er að finna í kafla 2.

Námsefni til samþættingar

Námsefnið *Umhverfis jörðina* má tengja flestum námsgreinum í 6.-10. bekk grunnskóla. Efni um hvern áfangastað um sig gefur tilefni til kennslufræðilegrar og greinabundinnar umfjöllunar innan margra námsgreina í samræmi við markmið aðalnámskrár. Aðaláhersla er á móðurmál, landafræði og samfélagsgreinar.

Hverjum áfangastað fylgir auk þess ýmis konar ítarefni, tillögur um umfjöllun og verkefni í náttúrufræði, líffræði, sögu, tungumálum og siðfræði. Efnið má nýta á ýmsan hátt við bekkjarkennslu m.a. í samþætt verkefni, sem valverkefni og á þemavikum.

Þróunarverkefni í skólanum

Umhverfis jörðina hentar einnig vel sem þróunarverkefni fyrir nemendur og kennara við að þjálfar notkun netsins og veita innsýn í þá möguleika sem það gefur við nám og kennslu. Námsefnið hentar mjög vel til að tengja upplýsingamennt námi í öðrum greinum. Frásögnin er áhugaverð og fer víða í tíma og rúmi. Það verður því eðlilegt að beita upplýsingatækninni þar sem hún nýtur sín best, þ.e. við gagnasöfnun, miðlun og samskipti.

Efnið

Námsefnið *Umhverfis jörðina* á heimasíðu Námsgagnastofnunar er aðgengilegt þeim sem keypt hafa áskrift að því. Kennarar og nemendur geta notað námsefnið með því að skrá notandanafn sitt. Hver skóli fær fleiri en eitt notandanafn sem margir geta notað samtímis.

Höfundarnir

Þrjú dönsk útgáfufyrirtæki (Dansk lærerforeningens Forlag, Geograf-forlaget og MikroVærkstedet) og sameiginleg þróunarsmiðja þeirra, SkoleMedi@, standa að gerð námsfnisins *Umhverfis jörðina*. Á næstu árum munu þessi fyrirtæki í sameiningu þróa margskonar nýtt náms- og kennsluefni. *Umhverfis jörðina* er fyrsta skrefið í útgáfu þessa framtíðarnámsfnis. Þar hafa margreyndir námsfnishöfundar nýtt þau tækifæri sem nýir miðlar bjóða. Með námsfninu aukast möguleikar nemenda og kennara til að nota netið við nám og kennslu.

Hverjir eru kostir námsfnis á netinu?

Í upphafi var námsefnið *Umhverfis jörðina* sett inn á heimasíðu SkoleMedi@, jafnharðan og það varð til.

Leiðangursmönnum „JP-Könnuðar“ var fylgt frá degi til dags á ferð sinni umhverfis jörðina. Námsfni tengt ákveðnum ákvörðunarstöðum var þróað jafnharðan þannig að vinna blaðamannanna nýttist til fullnustu. Sá skammti tími sem námsfnishöfundunum gafst fyrir verk sitt og krafan um stöðug tengsl námsfnisins við verk blaðamanna og ljósmyndara danska dagblaðsins, gerði að verkum að hefðbundnar bækur hentuðu ekki fyrir námsefnið *Umhverfis jörðina*. Þess vegna var valin sú leið að nota netið sem útgáfumiðil og setja efnið upp á vefsíður.

Námsgagnastofnun ákvað fljótlega að fá þýðingarrétt á því og bjóða það íslenskum grunnskólum. Fyrstu tveir áfangastaðirnir hafa nú þegar verið opnaðir á heimasíðu stofnunarinnar og fyrirhugað er að fyrir lok ársins verði a.m.k. 6 áfangastaðir komnir á netið. Hinir fylgja í kjölfarið.

Sveigjanlegt námsefni

Námsefni á netinu er greiðara aðgöngu en annað námsefni. Nemendur og kennarar geta sótt sér nákvæmlega þá kafla sem er áhugaverðir eru og henta hverju sinni og unnið úr þeim í tölvum skólans.

Bækur breytast ekki – að minnsta kosti ekki fyrr en ný útgáfa kemur á markaðinn. Námsefni á netinu getur hins vegar verið í sífelldri þróun og höfundar geta breytt því og bætt við það á meðan verið er að nota það við kennslu. Þessu fylgir sá kostur að hægt er að halda stöðugu, opnu og sveigjanlegu sambandi útgefenda og notenda efnisins – á meðan verið er að fást við það.

Þeir möguleikar sem námsefnið Umhverfis jörðina bjóða gefa kost á margs konar nýbreytni við kennsluna. Nemendurnir geta opnað vefsíður með upplýsingum sem varða námsefnið bæði hérlandis og erlendis. Kennslan getur tekið mið af áhugasviðum nemenda og því sem þeir kunna fyrir – einmitt vegna þess að námsefnið leiðir þá að gagnabrunnum víða um heim. Skólanum er m.a. ætlað að gefa nemendum tækifæri til að afla sér upplýsinga og öðlast þannig þekkingu og færni eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla; Upplýsinga- og tæknimennt (sjá t.d. bls. 10–12). Tölvur henta sérstaklega vel til að nálgast þetta markmið. Við tölvuna hefur nemandinn tækifæri til að beita ýmsum aðferðum við úrvinnslu efnisins.

Námsefnið Umhverfis jörðina

Sennilega verður notkun námsefnisins *Umhverfis jörðina* mismunandi frá einum bekk/kennara til annars og dreifist á mismunandi tímabil. Einhverjir velja að fást við fáa áfangastaði í einu – aðrir við marga. Einhverjir bekkir munu eflaust velja sér þemaverkefni, aðrir munu samþætta námsefnið öðrum námsgreinum. Hugsanlega munu enn aðrir fylgjast með efni blaðamanna og ljósmyndara sem taka þátt í leiðangri Jyllandsposten.

Þar sem námsefnið *Umhverfis jörðina* er alltaf til staðar á netinu og er í stöðugri þróun, verða tækifæri til að tengja efnið verkefnum einstakra kennara/bekkja fjölmörg.

Nemendahefti

Höfundar námsefnisins ákváðu að gefa ekki út nemendabækur með lesmáli, upplýsingum, æfingum og spurningum. Í stað þess er búið svo um hnúta að hægt er að prenta út hvaða kafla námsefnisins sem er og nota eins og hentar viðkomandi námshópi og kennara.

Endingargott námsefni

Námsefnið *Umhverfis jörðina* úreldist ekki. Efnið verður á netinu eftir að leiðangursmenn eru lagðir af stað til nýs áfangastaðar. Þess vegna geta aðrir bekkir notað það síðar.




Tæknilegar kröfur

Allir skólar sem hafa aðgang að netinu og hafa keypt áskrift geta notfært sér námsefnið *Umhverfis jörðina*. Námsefnið liggur á heimasíðu Námsgagnastofnunar sem hefur slóðina <http://www.namsgagnastofnun.is>

Engan sérstakan útbúnað þarf til að nýta sér námsefnið annan en venjulegt vefskoðunarforrit. Það er hins vegar kostur að kennarar og nemendur geti notað algengustu vinnsluforrit sem er að finna á tölvum skólans, s.s. ritvinnslu og myndvinnslu.

Hvernig á að panta áskrift?

Einfaldast er að panta áskrift á heimasíðu Námsgagnastofnunar <http://www.namsgagnastofnun.is>. Þar geta skólar skráð sig í skólaáskrift. Henni fylgja þrjú eintök af kynningarheftinu og þrjú notandanöfn fyrir *Umhverfis jörðina*. Einnig er hægt að panta fleiri bækur og notandanöfn. Til að panta áskrift er einnig hægt að snúa sér til upplýsingafulltrúa Námsgagnastofnunar í síma 552 8088.



2. KAFLI

Hvert skal haldið?

Í námsefninu Umhverfis jörðina hafa 12 áfangastaðir leiðangursins „JP-Könnuðar“ verið valdir sem umfjöllunarefni. Þessir áfangastaðir dreifast nokkurn veginn með jöfnu millibili á leið ferðalanganna. Hverjum áfangastað tengjast mikilvæg og fjölbreytt umfjöllunarefni sem öll snerta kenngslu í efstu bekkjum grunnskólans.

Á vef Námsgagnastofnunar verður alltaf hægt að nálgast þá áfangastaði sem valdir hafa verið. Nemendur geta því valið aftur áfangastaði sem áður hefur verið fjallað um og sótt sér efni þangað. Fyrstu áfangastaðirnir sem koma á vef Námsgagnastofnunar eru löndin Búrkína Fasó, Suður-Afríka og Suðurskautslandið. Í kjölfar þeirra koma Bólívía, Brasilía og Amasónsvæðið og síðan hvert af öðru.

Ferðatilhögun og umfjöllunarefnum er lýst á töflunni á næstu síðu. Þar kemur fram hvaða umfjöllunarefni tengjast hverjum áfangastað. Á bls.19 má síðan sjá hvernig námsefnið tengist markmiðum námsgreina.

STAÐUR	UMFJÖLLUNAREFNI
BÚRKÍNA FASÓ	Hversdagslíf og lífnaðarhættir í landi sem var nýlenda til skamms tíma. Afrikönsk menning. Tengslin við náttúruna.
SUÐUR-AFRÍKA	Menning hópa af mismunandi þjóðernum og átök milli þeirra.
SUÐURSKAUTS-LANDIÐ	Ísinn, könnunarleiðangrar, réttur til hugsanlegra náttúru-auðlinda.
BÓLIVÍA	Eiga bændur að rækta kókjurtina eða framleiða matvæli? Menning frumbyggjana og þrýstingur iðnvæddra ríkja.
RÍÓ/BRASILÍA	Lífið í stórborgum Suður-Ameríku. Mannfjöldaþróun, munur á lífinu í borg og sveit, götubörn, lífsstíll.
AMASONSVÆÐIÐ	Fljótið og frumskógurinn. Umhverfið, loftslagið, fólkíð. Vistfræðilegt mikilvægi fyrir jörðina í heild.
HOLLYWOOD	Ameríski draumurinn í kvikmyndaiðnaði og tölvuleikjum.
KÍNA	Ótrúleg stærð og ótrúlegur mannfjöldi. Hvernig fer þegar/ef Kínverjar verða sams konar neytendur og Evrópuþjóðir hafa verið árum saman? Umhverfismál og verndun náttúrunnar.
INDLAND	Jafnvægi milli fólksfjölgunar og matvælaframleiðslu. Fæðukeðjur, matarvenjur. Hvernig verður matvælaframleiðsla í framtíðinni?
ÍSLAM	Lífnaðarhættir, menning og trúarbrögð í daglegu lífi. Heimsmyndin frá sjónarhorni islam og kristinnar trúar.
EYSTRASALTS-RÍKIN	Eru Eystrasaltsríkin á réttri leið – eða standa þau öðrum Evrópuríkjum að baki? Er rétt að Eystrasaltið sameini þessi ríki?
FERÐALOK	Stökkbretti okkar inn í 21. öldina.

Áfangastaðirnir verða opnaðir á heimasíðu
Námshagnastofnunar hver af öðrum.

3. KAFLI

Heimasíðan Umhverfis jörðina

Hér er kynnt uppbygging heimasíðunnar Umhverfis jörðina. Þennan kafla er mikilvægt að kynna sér og fletta upp í þegar á þarf að halda.

Tilgangur námsefnisins er auðvitað að prófa möguleika netsins og nýta þá með nemendum og kennurum sem nota námsefnið á mismunandi hátt. Höfundum er annt um að leggja áherslu á að námsefni á netinu er í stöðugri þróun, gagnstætt því sem gildir um hefðbundið námsefni.



Umhverfis jörðina

Áfangastaðir:

▶ Búrkína Fasó	▶ Hollywood
▶ Suður-Afríka	▶ Kína
▶ Suðurskautslandið	▶ Indland
▶ Bólivía	▶ Íslam
▶ Ríó/Brasilía	▶ Eystrasaltslöndin
▶ Amasónsvæðið	▶ Ferðalok

Um vefinn
Skólar geta gerst áskrifendur hjá



Námsgagnastofnun
Laugavegi 166
Pósthólf 5020
125 Reykjavík

▼
Pantaðu áskrift

JPO EXPLORER
NÁMSGAGNASTOFNUN



- Umhverfis jörðina er námsefni fyrir grunnskóla gefið út af SkoleMedi® og þýtt af Námsgagnastofnun
- Umhverfis jörðina er meðal verkefna í forritaskiptum Iðunnarhóps Norrænu ráðherranefndarinnar

1. Upphafssiða

Frá þessari upphafssiðu má komast inn á alla hluta námsefnisins *Umhverfis jörðina*. Þar er að finna alla áfangastaðina. Nöfn þeirra áfangastaða sem ekki er búið að tengja heimasíðunni eru ljósari en hinna. Þegar efni um viðkomandi áfangastað hefur verið tengt síðunni er nafnið sýnt með dekkri lit og þá er hægt að smella á nafnið til að sækja efnið.

2. Aðgangur

Til þess að fá aðgang að námsefninu þarf lykilorð. Hér á að skrá notandanafn skólans og lykilorð.

3. Áfangastaðirnir

Hér er að finna efnið um hina ýmsu áfangastaði. Á næstu blaðsíðu sést hvernig efni um hvern áfangastað um sig skiptist í kafla.

4. JP-Könnuður

Krækja á heimasíðu danska dagblaðsins Jyllandsposten þar sem hægt er að komast á heimasíðu JP-Könnuðar


Hvers konar efni er í Umhverfis jörðina?

Eins og fram hefur komið er um að ræða námsefni um 12 áfangastaði á leiðinni umhverfis jörðina.

Um hvern áfangastað er fjallað í ljósi þess almenna þema sem áfangastaðnum var valið. Þemun eru í aðalatriðum hin sömu og þau sem valin voru leiðangrinum *JP-Könnuði*, en í námsefninu eru þau meðhöndluð í ljósi faglegra og kennslufræðilegra sjónarmiða þannig að þau henta nemendum í 6.–10. bekk grunnskóla. Þess vegna tekur náms efnið ekki á öllu sem kann að vera áhugavert við viðkomandi áfangastað heldur eru umfjöllunarefnin valin í ljósi þess viðtæka þema sem ákveðið var að taka fyrir og leitast við að tengja það nánasta umhverfi nemenda.

Hver áfangastaðanna 12 gefur nemandanum tilefni til að velja milli 5 mismunandi sjónarhorna sem eru í samræmi við kaflaskiptingu efnisins. Auk þess er einn kafli þar sem nær eingöngu er bent á krækjur sem geta orðið nýtsamar þegar fjallað er um viðkomandi áfangastað.

Umhverfis jörðina – áfangastaðirnir





Upplýsingar

Í þennan kafla er nemendum ætlað að sækja upplýsingar. Að sjálfsögðu hafa upplýsingarnar verið valdar með það í huga að þær varpi ljósi á umfjöllunarefnið eða áfangastaðinn, en þær eru ekki settar fram í ákveðnu samhengi. Þarna er um að ræða hráfni sem nemendur geta sótt og notað í samræmi við þau verkefni sem þeir eru að fást við hverju sinni.

Eitt einkenni þessara upplýsinga er að þær eru sjaldan settar fram í töflum eða myndritum. Þess í stað kann að vera um að ræða ýmsar staðreyndir sem nemandinn getur sjálfur sett í myndrit ef svo ber undir. Nemandinn á sjálfur að geta fundið upplýsingarnar, valið úr þeim og ákveðið framsetningu þeirra.

Oft er um að ræða tilvísanir í vefi eða krækjur þar sem finna má upplýsingar sem máli skipta.

Samfeltt yfirlit yfir vefsetur og krækjur í hverjum kafla er undir fyrirsögninni *Krækjur*. Flestar krækjurnar vísa á síður sem eru á ensku eða dönsku.

Einnig má benda á að á heimasíðu *JP-Könnuðar* eru alfræðilegar upplýsingar, t.d. tölur og kort, sem eðlilegt er að nemendur fletti upp í og noti jafnhliða því sem fram kemur undir fyrirsögninni *Upplýsingar*. Þetta efni er á dönsku.

Ýmislegt sem fram kemur undir öðrum fyrirsögnum í viðkomandi kafla má einnig nota til frekari úrvinnslu. Þó skal ítrekað að efni undir öðrum fyrirsögnum er byggt upp með ákveðið samhengi í huga.



Ferðin

Þetta er eina fyrirsögnin sem ekki tengist endilega yfirþema viðkomandi kafla, heldur er það ferðin sjálf sem hér er aðalatriðið. Hér er sagt frá reynslu sem leiðangursmenn verða fyrir á ferðalaginu og ferðalögum á viðkomandi landsvæði, hér eru útdrættir úr ferðalýsingum, sagt frá könnunarleiðöngnum o.s.frv. Ætlunin er að nemandinn liti á sjálfan sig sem ferðamann, og vel kann að vera að hann/hún gerist „þátttakandi“ í leiðangrinum til áfangastaðarins eða til viðkomustaða á leiðinni.

Nemandinn getur líka samsamað sig leiðangursmönnum með því að kynnast mismunandi orsökum þess að fólk er á faraldsfæti. Hver er munurinn á því að taka þátt í könnunarleiðangri, vera í hópferð, ferðast með bakpoka, vera flóttamaður eða tilheyra hirðingjapjóðflokki? Hvers konar lífsreynsla og hvaða hugleiðingar tengjast mismunandi ferðalögum?

Hér má líka taka fyrir annars konar viðfangsefni, s.s. eftirvæntinguna, einmanaleikann, heimkomuna og stofna þannig til heimspekilegra umræðna í tengslum við námsefnið.

Svipmyndir

Í efni undir þessari fyrirsögn er sjónum beint að hversdagslífi á viðkomandi stað. Lífinu er lýst með tilbúnum frásögnum af ákveðnum einstaklingi, fjölskyldu eða aðstæðum. Frásagnirnar eru í formi lesmáls og mynda, hljóðs eða myndbandsbúta sem eiga að gefa nemandanum tækifæri til að lifa sig inn í framandi aðstæður.



Hér er ætlunin að nemandinn öðlist innsæi í efnið og tengi það eigin lífsreynslu. Að sjálfsgöðu má samþætta það ýmsum námsgreinum, s.s. móturmáli, náttúrufræði, samfélagsgreinum, trúarbragðafræði, sögu og upplýsingamennt.

Auk þessa er hér lesefni sem nota má á ýmsan hátt sem ítarefni í landafræði, sögu og náttúrufræði, sem lesefni til að greina, túlka, ræða o.s.frv.

Efninu undir fyrirsögninni *Svipmyndir* er ætlað að mynda tengsl við hversdagslíf nemandans þannig að hægt verði að spinna þráðinn milli hins ókunna og hins þekkta. Þar getur verið um að ræða aðstæður sem tengjast fjölskyldunni, heimilinu, mat, innkaupum, dýrum, skóla, vinnu, frístundum, hátíðum o.s.frv.

Í öllum tilvikum ætti að vera tenging við það sem nemandinn þekkir. Þannig á nemandinn auðveldara með að samsama sig aðstæðunum sem lýst er og átta sig á því hvað er líkt og hvað er ólíkt. Jafnframt þessu er leitast er við að halda tengingu við það þema sem ákveðið var fyrir viðkomandi áfangastað.



Í brennidepli

Í efni sem fram kemur undir þessari fyrirsögn er sjónarhornið annars vegar það þema sem tengist viðkomandi áfangastað í þeim tilgangi að vekja athygli á hnattrænu samhengi og auka skilning nemandans á umheiminum. Hins vegar er áfangastaðurinn sjálfur og það sem er sérstakt við hann. Ætlunin er að vekja áhuga og skilning bæði á því þema sem er til umfjöllunar og áfangastaðnum sjálfum.

Efnið tengist ekki endilega lífsreynslu nemandans. Það krefst þess vegna úrvinnslu og túlkunar til að hægt sé að tengja það vitneskju og reynslu sem nemandinn býr yfir.

Eins og yfirlitið yfir þau þemu sem tekin eru til umfjöllunar ber með sér eru þau valin með mikilvægi þeirra fyrir heimsbyggðina alla í huga. Fjallað er um það hættuástand sem ríkir á ýmsum sviðum í heiminum um þessar mundir.

- Vistkreppa (maðurinn annars vegar – náttúran hins vegar)
- Fjármálakreppa (vinnuaflið annars vegar – fjármagnið hins vegar)
- Stjórnmalakreppa (einstaklingurinn annars vegar – samfélagið hins vegar)

Enn skal ítrekað að nemendur geta sótt greinar, upplýsingar kort o.fl. beint inn á heimasíðu *JP-Könnuðar*.



Fótspor

Hér er ýmskonar efni um mannlífið eins og það birtist í táknrænum myndum goðsagna og trúarbragða, tungumáls, hefða, handverks, lista og sögu, eða með tjáningu, s.s. í dansi, leiklist, skarti o.s.frv.

Til einföldunar má segja að undir fyrirsögninni *Fótspor* sé efni sem sýnir hvernig maðurinn tjáir þau áhrif sem hann verður fyrir. Hér er fjallað um mynstur í menningu og þjóðháttum og tjáningarform mannlégrar tilveru. Hér er einnig sagt frá því hvernig fólk aflar daglegs brauðs, hvaða verkfæri eru notuð, hvernig tekist er á við náttúruna til að fá klæði og húsaskjól o.s.frv. Þannig er leitast við að beina sjónum að mannlegum þáttum daglegs lífs svo nemendur geti betur skilið lífskjör, hversdagslíf, fjölskyldulíf og atvinnuhætti framandi landa.

Krækjur

Undir þessari fyrirsögn er eingöngu að finna lista með krækjum í vef-síður sem notaðar eru í viðkomandi kafla.




Nemendur geta notað krækjusafnið til að leita upplýsinga um ákveðið efni. Auk þess geta verið krækjur inn í aðra kafla þar sem það á við. Krækjurnar vísa á tölfraðilegar upplýsingar, myndrit, kort, ljósmyndir o.fl. sem hægt er að sækja á netið.

Hvers vegna þessar fyrirsagnir?

Fyrirsagnirnar fimm eru valdar í því augnamiði að gera námsefnið sem aðgengilegast. Hver þeirra um sig opnar leiðir til að takast á við efnið, t.d. út frá heimspekilegum hugleiðingum, með samfélag og náttúru í huga eða með tilliti til hversdagslegra atburða.

Undir sumum fyrirsagnanna er efnið upplýsandi og áþreifanlegt, annars staðar er það almennt og huglægt. Ekki má líta svo á að fyrirsagnirnar séu mismunandi að vægi heldur er hér gerð tilraun til að takast á við efnið á heildstæðan hátt með því að varpa á það ljósi frá ýmsum sjónarhornum og á ólíkan hátt.

Námsefnið *Umhverfis jörðina* skirskotar almennt til nemenda í 6.–10. bekk og ætti þess vegna að henta þessum nemendahópi öllum, óháð getu og áhugasviði. Þegar lengra liður getur kennarinn dregið fram einstök þemu frá hinum ýmsu áfangastöðum og þannig borið saman ólík svæði í heiminum.



Hugmyndir um notkun námsefnisins Umhverfis jörðina

Einn áfangastaður eða fleiri?

Námsefnið *Umvhverfis jörðina* má ýmist nota á þann hátt að taka fyrir einn áfangastað eða fleiri vegna þess að hver kaflí er sjálfstæð heild. Kaflarnir eru uppbyggðir á sama hátt – með sömu fimm fyrisögnunum – sem gerir að verkum að nemendur sem fást við marga áfangastaði á ferðalaginu kynnast uppbyggingu námsefnisins vel.

Einn efnisflokkur eða fleiri?

Ekki er ætlast til þess að sami nemandi fáist við alla fimm efnisflokkan sem tilheyra hverjum áfangastað. Hins vegar getur verið ágætis hugmynd að kynna sér þá. Námsefnið er skipulagt þannig að það nýtist nemandanum best þegar kennslan tekur mið af áhuga, skilningi og frumkvæði hans sjálfs. Þar að auki tengjast efni og þemu þvert á valmöguleikana sem fyrir hendi eru. Þótt nemendur nálgist efnið á mismunandi hátt munu þeir átta sig á því að þeir eru að fást við mismunandi hluta stærri heildar.

Sambætt verkefni

Námsefnið *Umvhverfis jörðina* hentar vel sem sambætt verkefni í þeim skilningi að nemendur geta hver um sig eða sameiginlega skipulagt það, unnið úr því, lokið því og lagt mat á það. Námsefnið gerir bæði kröfu um samvinnu og sameiginlega ábyrgð nemenda.

Landafræði – Aðalnámskrá:

Markmið kennslu í landafræði er að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélag og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari. Greinin fjallar m.a. um:

- lífsskilyrði, lífshætti og lífskjör manna á jörðinni
- vaxlverkun manns og náttúru
- legu og útbreiðslu ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar

Nemendur:

- öðlist yfirlit yfir heiminn; jafnt þætti náttúrufars sem menningarleg einkenni, geti borið saman ýms einkenni heimsálfanna, hvað sé líkt og hvað ólíkt
- átti sig á hvað einkennir þróunarlönd

Íslenska Aðalnámskrá

Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla.

Nemendur:

- nái góðum tökum á lestri margvislegra texta sem settir eru fram með mismunandi hætti
- geti nýtt sér lestur til upplýsingaöflunar
- þjálfist í að lesa texta á tölvuskjá og á netinu

Enska – Aðalnámskrá

Enska er það tungumál sem mest er notað á sviði fræðslu og vísinda og í alþjóðlegum samskiptum í heiminum. Mikilvægt er að enskukennslan veiti þeim innsýn í þann heim. Netíð og margmiðlunarefni er heppilegt til enskukennslu.

Saga – Aðalnámskrá

Saga sem fræðigrein og námsgrein í skólum er skipuleg umfjöllun um mannfélagið frá fortíð til líðandi stundar. Sagan snertir tilvistarspurning mannshins þar sem hún greinir frá reynslu einstaklinga og þjóða í háska og gleði, amstri og velsæld.

Nemendur:

- kanni fjarlæg þjóðfélög, breytingar sem þar áttu sér stað og tengsl þeirra við Evrópu
- setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð og á mismunandi menningarsvæðum út frá forsendum hvers tíma og staðar

Náttúrufræði – Aðalnámskrá

Viðfangsefnum náttúrufræða í grunnskóla er ætlað að vikka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og vinnulag, efla skynjun á umhverfi sínu og stuðla að því að nemandinn umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar.

Nemendur:

- öðlist breiðan þekkingargrunn og skilning á helstu sviðum náttúruvísinda
- geri sér grein fyrir þætti náttúruvísinda í menningu þjóða
- þjálfist í að taka virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málefni er snerta náttúru, umhverfi mannsins og samspil vísinda, tækni og samfélags

Upplýsingamennt Aðalnámskrá

Upplýsingalæsi er kjarni upplýsingamenntar. Það er sú færni sem þarf til að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt.

Nemendur:

- læri að afla upplýsinga úr bókum, tölvunetum, myndefni og öðrum miðlum
- læri að meta upplýsingar, vinna úr þeim á skipulegan hátt og setja niðurstöður sínar fram með hverjum þeim miðli sem hentar best

Samfélagsfræði – Aðalnáms

Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.

Nemendur:

- öðlist skilning á ýmsum sviðum og hluttakendum sögunnar: menningu, hugarfari, tækni og stjórnmálum; einstaklingum og þjóðum
- beri saman ólík menningarsvæði í heiminum


SKYNNJUN

INNSÝN

GREINING

SKILNINGUR

Búrkína Fasó - Umfjöllunarefni



SKYNNJUN

INNSÝN

GREINING

SKILNINGUR

Í stað þess að líta á hvern áfangastað um sig sem eina heild má skipta efni um áfangastaðinn upp í mörg minni verkefni sem hvert um sig fylgir ferlinu sem lýst hefur verið, og eru því í sjálfu sér heildstætt námsferli.

Í eðli sínu samþættir námsefnið *Umhverfis jörðina* margar námsgreinar. Það er þó ekki eins og hlaðborð þar sem einstakir réttir vekja athygli, heldur er um að ræða raunverulega samþættingu þar sem námsgreinarnar samtvinnast hver annarri þar sem við á. Þannig tengjast hinar einstöku námsgreinar efninu í samræmi við hlutverk, þema og verkefni sem fengist er við hverju sinni. Námskrármarkmið einstakra námsgreina voru höfð að leiðarljósi þegar efnið var valið og skipulagt til að tryggja víða skirskotun þess. Á síðunum hér að framan er sýnt hvernig efnið tengist markmiðum nýrrar aðalnámskrár hér á landi þó það sé samið með tilliti til danskrar námskrár.

Í námsefninu er þess ekki getið sérstaklega hvar einstakar námsgreinar tengjast viðfangsefninu. Það er hlutverk kennarans hverju sinni að halda faglegri yfirsýn, átta sig á mögulegum tengingum einstakra námsgreina og tryggja samfellu í náminu. Á bls. 19 má sjá hvernig markmið einstakra námsgreina falla að námsefninu *Umhverfis jörðina*.

Tillögur um verklag við námsefnið *Umhverfis jörðina*

Í námsferlinu sem byggt er upp með námsefninu *Umhverfis jörðina* er vakin athygli á viðfangsefnum og settar fram spurningar og tillögur um verkefni. Nemandinn getur gengið í þennan sjóð og sótt sér tillögur um verkefni og efnistöð eða notað hann sem kveikju nýrra hugmynda.

Tillögurnar hér á eftir má líta á sem hugmyndir um hvernig tengja má einstakar námsgreinar námsefninu *Umhverfis jörðina*. En það er auðvitað einstökum bekkjum og kennarahópum í sjálfsvald sett hvernig hugmyndirnar eru nýttar og kennslan skipulögð í ljósi þeirra námsgreina sem fengist er við hverju sinni.

Dæmi um samþættingu við móðurmál

Í kaflanum um áfangastaðinn Búrkína Fasó er fyrir sögnin *Ferðin* valin sem upphaf að verkefni eins nemanda eða nemendahóps.

Verkefnið gæti verið:

Þú ert nýkominn/nn til höfuðborgarinnar Ouagadougou með flugvél frá Keflavík með millilendingu í París. Hitinn mætir þér eins og veggur þegar þú gengur út úr flugvélinni ...
Þrjár næstu vikur ferðast þú um landið ...

Hvert er markmið ferðarinnar?

Ertu fréttamaður í leit að áhugaverðu umfjöllunarefni?

Ertu í hópferð með fólki sem ætlar að kynna sér framandi umhverfi?

Ætlaðu að heimsækja kunningja sem hefur búið lengi í landinu á vegum Rauða krossins?

Hvernig ætlar þú að ferðast?

- á baki kameldýrs?
- með Landroverjeppa dönsku blaðamannanna?
- með innlendum hópferðabílum?
- með því að fljúga milli stærstu borganna?
- á hjóli, eins og Daninn Thyge Christensen gerði fyrir nokkrum árum?

Gefur eitthvað af eftirtöldu ferð þinni sérstakt yfirbragð?

Segðu frá því:

- hver þú ert?
- hvers vegna þú ert að ferðast?
- hvaða ferðamáta þú hefur valið?

Notaðu möguleika tölvunnar til að kynnast Búrkína Fasó

Þú kynnist fjölda staða, bæði í borg og sveit. Þú hittir margt fólk, bæði unga og aldna. Þú lendir í ýmsu, það getur verið áhugavert, óþægilegt, fyndið, dapurlegt ...

Síðar getur þú skrifað um ferðalagið

Hvað ætlar þú að skrifa:

- blaðagrein í bæjarblaðið?
- lesendabréf í blaðið eða í tímarit (hvaða tímarit)?
- bréf til kunningja þíns (hvers?), til foreldra þinna eða ...?
- skeyti, sem síðan er gert að nákvæmara bréfi eða frásögn?
- spennandi frásögn?
- fleira ...?

Þú ættir e.t.v. að stækka sjóndeildarhringinn og öðlast viðtækari reynslu með því að smella á aðrar fyrirsagnir:

- *Svipmyndir*: Hér getur þú fylgst með fjölskyldu og hversdagslegum degi í lífi hennar. Hvað er líkt og hvað ólíkt í lífi þeirrar fjölskyldu og venjulegrar íslenskrar fjölskyldu?

- *Fótspor*: Vissir þú að Búrkína Fasó er auðug af lifandi frásagnarhefð? Ef þú skoðar efnið undir þessari fyrirsögn finnur þú búrkínsk ævintýri og málshætti og tillögur um verkefni sem þeim tengjast.

- *Upplýsingar*: Þú verður að afla þér frekari upplýsinga um landið, landafræði þess og sögu til þess að skilja fólkið og geta sjálf/sjálfur sagt frá. Vissir þú að Búrkína Fasó var eitt sinn frönsk nýlenda?

Nú líður að því að þú getir skrifað um ferðina þína. Þú þarft að ákveða hvort þú ætlar að skrifa um eitt ákveðið tilvik eða hvort frásögnin á að vera almenn.

Til eru ýmsar leiðir til að koma vitneskju sinni á framfæri og kynna öðrum reynslu sína. Vel kann að vera að þú sért búin/nn að ákveða hvernig þú ætlar að fara að. En ef svo er ekki getur þú stuðst við eftirfarandi minnislista:

- Hver skrifar?
- Handa hverjum er frásögnin?
- Hvert er markmið frásagnarinnar?
- Hvað er í brennidepli - hvert er efni frásagnarinnar?
- Hvaða tjáningarform ætlar þú að nota?

Hvernig ætlar þú að kynna hinum í hópnum/bekkjarfélögum þínum þitt verkefni:

- munnlega eða skriflega?
- með mynd eða leikrænni tjáningu?
- handskrifað eða í ritvinnslu?
- á heimasíðu bekkjarins sem hluta stærra verkefnis?

Dæmi um samþættingu við landafræði

Möguleikar námsefnisins *Umhverfis jörðina* til tengingar við námsgreinina landafræði liggja í augum uppi þar sem ferðast er um stóran hluta heimsins. Innan landafræðinnar eru svo mörg efnissvið að landfræðilegur skilningur vex óhjákvæmilega þegar fengist er við texta, kort, tölfræðiupplýsingar og myndir sem fylgja námsefninu.

Þess vegna er hægt að velja mismunandi aðkomuleiðir. Ef ætlunin er að hafa sjónarhorn landafræðinnar í fyrirrúmi er einfaldast að byrja undir fyrirsögninni *Í brennidepli* – hins vegar gefa hinar fyrirsagnirnar einnig ástæðu til að tengja efnið landafræðinni. Allskyns upplýsingar, þá m. tölfræðilegar, og kort af ýmsu tagi má finna undir fyrirsögnunum *Upplýsingar* og *JP-Könnuður*.


1) Yfirmarkmiðið, það að skilja samvirkni manns og náttúru og manna innbyrðis má nálgast með því að fjalla um eitt land eða fleiri. Nemendur geta kynnt sér lífskjör í einhverju landanna sem um er fjallað, t.d. Búrkína Fasó, og borið saman við þau náttúruskilyrði sem hafa áhrif á möguleika landsmanna:

- Hvaða loftslagsskilyrði eru mikilvæg fyrir þróun landbúnaðarins?
- Hvernig reyna íbúar landsins að bæta lífskjör sín hér á jörri eyðimerkurinnar?
- Hvernig er hversdagslíf fólksins og hvernig mótast það af umhverfi þess?
- Er eitthvað í frásagnarhefð fólksins sem endurspeglar heimkynni þess?

2) Annað áhugavert umfjöllunarefni gæti verið tengsl einhvers ákveðins lands við umheiminn.

- Hvernig eru samskipti landsins við önnur lönd?
- Við hvaða lönd á það viðskipti?
- Hvað er flutt út úr landinu og hvað er flutt inn?
- Eru einhverjar sérstakar aðstæður sem leiða til þess að um er að ræða einmitt þessar vörur og þessi viðskiptalönd?
- Hvernig eru samgöngur í landinu?
- Þiggur landið þróunaraðstoð eða veitir það slíka aðstoð?

Mannvistfræðileg nálgun



- 3) Verkefnið getur líka falist í því að nemendur kynni sér framleiðslu ákveðinnar vöru og skoði áhrif framleiðslunnar á náttúruna, þjóðina, innri uppbyggingu samfélagsins og samfélagið sjálft. Myndina að ofan má nota til að skipuleggja hina ýmsu efnisþætti sem tengjast umfjöllun um ákveðið landsvæði og fólkið sem þar býr, en efnistöð af þessu tagi geta reynst flókin fyrir nemendur.
- 4) Hefðbundin efnissvið landafræðinnar má fjalla um með því að kynna sér þætti eins og loftslag, íbúafjölda og fjármál á ákveðnum áfangastöðum.

Skilningur á afstöðu landanna hvers til annars eykst við að bera saman samskonar upplýsingar frá löndunum, hverju um sig. Það eru þó ekki tölurnar sjálfar eða myndritin sem hægt er að setja fram á grundvelli þeirra sem eru mikilvægust, heldur greining upplýsinganna og sá skilningur sem þannig næst.

Á sumum áfangastaðanna er hægt að sjá þróun yfir lengri tíma (t.d. í sambandi við byggðapróun). Slíkar tölur eru mikilvægar til að skilja t.d. þróun íbúafjölda, samsetningu þjóðarinnar og skipulag byggðar í landinu.

5) Nemendum finnst oft áhugavert að fást við landafræði sem tengist ákveðnu landi. Í námsefninu *Umhverfis jörðina* er ekki einungis gerlegt að fást við löndin frá því sjónarhorni sem fjallað er um, heldur vísar fjöldi af krækjum veginn til staða þar sem fást upplýsingar um önnur lönd svo hægt er að lýsa þeim líka. Á þann hátt má safna saman upplýsingum í mæltu máli, myndritum, kortum og myndum sem nemandinn getur nýtt sér við verkefni sitt.

Einnig verður að hafa í huga að ýmsar upplýsingar má nálgast frá öðrum gagnabrunnum. Mikilvægt er að þjálfar notkun bæði nýrra og gamalla miðla.

Í landafræði má víða safna upplýsingum. Þær er að finna á heimaslóðum, úr gagnagrunnum, bókum um efnið, landabréfabókum og myndum í ýmsum miðlum. Í námsefninu *Umhverfis jörðina* gefast góð tækifæri til að þjálfar upplýsingasöfnun af ýmsu tagi. Sú þjálfun mun nýtast nemendum bæði í skólanum og utan hans.

Dæmi um samþættingu við náttúrufræði og tæknimennt

Þessar námsgreinar falla eðlilega að mörgum efnispáttum í námsefninu *Umhverfis jörðina*. Í kaflanum um Búrkína Fasó má t.d. velja fyrir sögnina *Í brennidepli* og síðan *Baráttan við stækkun eyðimerkurinnar*. Þá kemur upp mynd af konum sem eru að hlaða lágan steinvegg. Steinveggurinn á að hindra að rigningarvatn renni í burtu þegar mikið hefur rignt. Hugmyndin er að vatnið sigi niður í jarðvegin. Skýringar fylgja myndinni.

Bændurnir í norðurhéruðum Búrkína Fasó nota vatnsslöngu og tvær stangir þegar þeir mæla út hvar steinveggirnir eiga að vera. Með þessum frumstæða hallamæli finna þeir hvaða staðir á svæðinu eru í sömu hæð.

Nemendur geta t.d. reynt að búa til samskonar tæki og teikna hæðakort samkvæmt mælingum sínum af nágrenni skólans eða einhverjum stað í nágrenninu þar sem landslagið gefur tilefni til þess.

Verkefni nemenda mætti setja fram á eftirfarandi hátt:

Ef þú vilt skilja hvernig Naam-hóparnir í norðurhéruðum Búrkína Fasó reyna að tryggja að sem mest af regnvatninu nýtist til jarðræktar getur þú útbúið mælitæki skv. teikningu og valið þér síðan heppilegan skika, t.d. 20x20 m. Síðan skaltu ákveða hvar þú vilt byggja steinveggi.

Ef til vill hefur þú aðrar tillögur um það hvernig bændurnir geta tryggt að regnvatnið nýtist þeim.

Aðrir nemendur gætu valið fyrirsögnina *Fótspor* og þar valið krækjuna *Leikföng*.

Verkefni nemenda mætti setja fram á eftirfarandi hátt

Þú og yngri systkini þín leikið ykkur með margskonar leikföng. Hugleiddu hvers konar leikföng það eru. Úr hvaða efni eru þau? Hver hefur búið þau til?

Berðu ykkar leikföng saman við leikföngin frá Búrkína Fasó sem sýnd eru í námsefninu. Hvaða sögu eiga þau? Hver hefur búið þau til? Gættir þú búið til lík leikföng? Hvaða efni þyrftir þú að hafa?

Á ferðalögum er sjálfsagt að borða þann mat sem heimamenn búa til. Í efni um marga áfangastaðina eru uppskriftir að algengum mat sem heimamenn eru vanir að borða. Fyrirtaks verkefni væri að láta nemendahóp útbúa máltíð fyrir bekkjarfélagana. Mikilvægt er að hluti verkefnisins felist í því að hópurinn segi frá hráefninu sem notað er í matargerðina, hvernig það er ræktað og matreitt, og ef til vill hvert næringargildið er.

Verkefni nemenda mætti setja fram á eftirfarandi hátt

Þú ert húsmóðir í Gorum Gorum í einn dag. Hvað ætlar þú að gefa fjölskyldunni í morgunverð, í hádegisverð og í kvöldmat?

- Hvaðan færðu hráefnið?
- Hvað þarftu langan tíma til að útbúa máltíðina?
- Hvað ætlar þú að gefa bekkjarfélögum þínum að borða?
- Fær fjölskyldan öll nauðsynleg næringarefni og fjörefni?

Með því að velja fyrirsögnina *Ferðin* fá nemendur innsýn í hvernig ferðast er frá einum stað til annars.

Þú hefur eina viku til að ferðast til þriggja bæja.

- Hvernig ætlar þú að ferðast? Af hverju velur þú þann ferðamáta?
- Hvað þarftu að hafa meðferðis?
- Tókstu tillit til orkunotkunar þegar þú valdir ferðamáta og skipulagðir ferðina?
- Hvernig ætlar þú að kynna öðrum reynslu þína?

Hugmyndafræði

Grunnhugmyndin sem höfð er að leiðarljósi í námsefninu Umhverfis jörðina er sú, að fólk þarf að hafa fyrir því að afla sér þekkingar, hún verður ekki „kennd“. Nemendur geta sótt upplýsingar í námsefnið – en þeir hafa ekki tileinkað sér þær sem þekkingu fyrr en þær hafa verið útskýrðar, um þær hefur verið fjallað og á þær varpað nýju ljósi.

Námið verður árangursríkast ef umfjöllun um námsefnið tekur mið af áhuga og námsvilja nemendanna. Skilningur nemenda er grundvöllur þess að þeir tileinki sér nýtt efni og nýjar vinnuaðferðir.

Hið þekkta og hið óþekkta

Á mjög einfaldan hátt má segja að nemandinn geti notfært sér upplýsingar sem tengjast því sem hann þegar veit eða hefur reynslu af. Nemandinn áttar sig á tengslum upplýsinganna við það sem hann er að fást við. Þess vegna er hægt að fjalla frekar um þær, túlka þær og samþætta vitneskju sem þegar er fyrir hendi.

Því fjarlægara sem nýtt efni er nemandanum, þeim mun erfiðara er að skapa tengsl við það sem verið er að fást við og þar með einnig að samþætta það vitneskju sem er fyrir hendi. Ef umfjöllunarefnið er allt of framandi verður það nemandanum óviðkomandi.

Nú gæti svo virst sem nemandinn ætti aðeins að fást við það sem hann þekkir fyrir. En svo er ekki. Hins vegar verður ákveðin skörun að vera fyrir hendi til þess að nemandinn tengi nýja reynslu þeirri sem hann hefur fyrir. Skörunin þarf ekki að byggjast á staðreyndum sem hægt er tileinka sér með lestri og rökhugsun. Mynd, tónlist eða myndband úr framandi menningarumhverfi getur skapað nægar tengingar til að kveikja áhuga nemandans, hugmyndaflug og ímyndunarafli.

Grunnhugmynd námsefnisins *Umhverfis jörðina* felur því í sér að hafa alltaf hvort tveggja í huga, hið þekkta og hið óþekkta, það sem er sameiginlegt og hitt sem er einstakt. Þetta er mikilvægt til þess að nemandinn geti notað eigin veruleika til samanburðar. Þannig má setja myndir og frásagnir í víðara samhengi og skoða bæði frá sjónarhorni framandi áfangastaða og velþekktrar heimaslóðar.

Námsefnið gefur tilefni til verkefnavinnu. Settar eru fram opnar spurningar til að vekja áhuga nemenda, en þegar frá líður er hugmyndin að nemendur og kennarar varpi fram nýjum spurningum sem tengjast þemanu sem um er fjallað og þeim upplýsingum sem fram koma í frásögnum, greinum, myndum o.fl. Hver bekkur og hver kennari/kennarahópur um sig ákveður hvernig tekið er á efninu, hvort þema viðkomandi áfangastaðar er fylgt til hins ítrasta eða hvort athyglinni er beint að áfangastaðnum sem um ræðir hverju sinni.

Ef til vill opnar námsefnið ný sjónarhorn sem ekki voru fyrirséð þegar það var útbúið. Það gæti verið áhugavert – en það gæti líka orðið til þess að bekknum þætti vanta einhverjar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við frekari umfjöllun. Þess vegna er lagt til að bekkurinn kynni sér kaflaskiptingu og fyrirsagnir áður en viðfangsefni er ákveðið.

Forsendur – skilningur

Námsefnið *Umhverfis jörðina* gefur tilefni til opinnar umfjöllunar þar sem nemendur lýsa sjálfir forvitni sinni og áhuga og setja fram spurningar sem frekari umfjöllun er byggð á. En nemendur verða að hafa sæmilega innsýn í efnið sem þeir eiga að fást við til að geta sett fram skynsamlegar spurningar.

Þess vegna er námsefnið *Umhverfis jörðina* skipulagt þannig að annars vegar verða nemendur að virkja eigin skilning á ákveðnu þema og ákveðnum áfangastað, hins vegar verður bekkurinn að kynna sér efnið áður en nemendur skilgreina þá efnisþætti sem þeir ætla að fjalla um.

Ein leið til að nálgast námsefnið gæti verið að láta nemendur skrifa niður hvað það er sem þeir vita eða þeim finnst um landsvæðið sem þeir eiga að fást við. Það má sem best gera áður en eiginleg vinna að verkefninu hefst, þar sem áfangastaðir og þemu liggja fyrir. Í ljósi þessa getur kennarinn skipulagt þátttöku nemendanna í ferðinni.

Það eru fleiri kostir við að skrifa niður minnisatriði í upphafi. Annars vegar gefast þá öllum nemendum tækifæri til að koma því á framfæri sem þeir vita – ekki aðeins þeim sem eru duglegir að gera skipulega grein fyrir hugmyndum sínum í töluðu máli. Hins vegar gefst betri tími til að nálgast umfjöllunarefnið. Það getur oft orðið til þess að vekja athygli nemandans á ýmsu sem efninu tengist, t.d. í dagblöðum, sjónvarpi, bókum o.s.frv.

Nemendur eiga ekki aðeins að skrifa minnisatriði um það sem þeir vita nú þegar, heldur eiga þeir ekki síður að skrá hugsanir sínar og þær hugmyndir sem þeir hafa um viðkomandi áfangastað og það þema sem honum tengist. Þegar til lengri tíma er litið geta hugleiðingar af því tagi auðveldað nemendum að setja fram opnar spurningar um efnið.

Nálgun eins og hér er lýst getur hentað vel sem aðfari að námsefninu *Umhverfis jörðina*.

Næsta stig gæti verið að láta nemendur kynna sér námsefnið *Umhverfis jörðina* og ræða það síðan við bekkinn. Hvað vakti áhuga? Hvað vill hver og einn fást við? Hvað á að gera sameiginlega og hvaða verkefni vilja einstaklingar/nemendahópar taka sér fyrir hendur?

Góð hugmynd getur verið að skrifa niður öll atriði sem fram koma í samtali bekkjarins og kennarans og fá þannig yfirlit yfir efni og þemu.

Hugleiðingar móðurmálskennara

Danskur móðurmálskennari, Hanne Bixtofte Pedersen, skrifar eftirfarandi pistil um væntingar sínar til námsefnisins *Umhverfis jörðina*:

„Þegar ég byrjaði að kenna fyrir allmörgum árum sótti ég ákveðinn styrk í valgreinina mína – móðurmál – en hafði svo sem ekki sérstaklega skýr markmið önnur en þau að vinna sem best að framgangi hennar. Þá var hugmyndin að nota móðurmálið við kennslu. Á seinni árum hefur þróunin orðið sú að kenna móðurmál sem sérstaka námsgrein. Þar eru ekki síst hin fagurfræðilegu sjónarmið í hávegum höfð. Góðar sögur, fagrar bókmenntir, skipa öndvegi – en það þarf ekki að verða til þess að skólastofan verði lokaður heimur eða lítill lestrarsalur.

Þegar ég heyrði um námsefnið *Umhverfis jörðina*, þemavinnu, samþættingu o.s.frv. var fyrsta hugsun mín: „Erum við nú enn komin á byrjunarreit? Á nú aftur að taka til við þemavinnu þar sem bókmenntir eru fyrst og fremst notaðar til skýringar á ákveðnum efnisatriðum, en síður vegna listræns gildis þeirra?“ En þegar ég fór að fylgjast nánar með framvindu ferðaverkefnisins fór ég að líta þetta öðrum augum.

Ytri ramminn er ferð blaðamannanna. Þeir eru gestkomandi á áfanga-
staðnum og eiga annars vegar að einbeita sér að ákveðnu þema, hins
vegar að finna áhugavert efni til að fjalla um. Að sumu leyti má segja
að þeir sem fást við námsefnið *Umhverfis jörðina* taki að sér hlutverk
góðra, áhugasamra og vel undirbúinna samferðamanna.

Námsefnið er nokkurs konar ferðataska með bæklingum og öðru gagn-
legu efni sem verður til þess að nemandinn lærir, forvitni hans vaknar
og hann öðlast skilning á lífskjörum framandi þjóða. Ferðin staðfestir
sem sagt ekki eingöngu þau viðhorf sem fyrir voru, heldur opnar nýjan
skilning sem bæði tengist viðkomandi áfangastað og hreyfir við nem-
andanum.

Ágæt frásögn blaðamannanna er alltaf byggð upp á sama hátt – en er
þó í mismunandi búningi. T.d. er þar að finna sögu um lítilmagnann sem
sigrar hinn sterka, þar er sagt frá óvenjulegum lausnum á hversdags-
legum vandamálum o.s.frv. Það sem útaf stendur er svo að maðurinn
er alltaf sjálfum sér líkur þó honum séu búin ólík lífskjör. Og sennilega
er það þessi spenna milli þess sem menn eiga sameiginlegt og hins sem
skilur þá að sem gerir ferðalög svo heillandi. Ferðalagið kallar fram í
okkur þessa togstreitu hins sérstæða og hins sameiginlega. Vonandi ber
námsefnið *Umhverfis jörðina* þessa spennu í sér og tekur tillit til hvors
tveggja. Annars verður það annað hvort of fjarlægt eða of sjálflægt.

Ferðalangurinn horfir á lengdar frá eigin sjónarhóli. Það gera blaða-
mennirnir sennilega líka. En tæknin og samskiptamöguleikarnir gera
okkur kleift að „komast inn fyrir“. Hvað segir fólkið um sitt eigið líf?
Hvernig skilur það sjálft sig, drauma sína, vonir og hugmyndir um
„góða tilveru“?

Danska sjónvarpið hefur sýnt stutta franska mynd þar sem börn, víðs
vegar í heiminum, eru spurð um framtíðardrauma sína. Myndin er
tekin úti á leikvelli eða fyrir framan heimili þeirra og þau segja frá.
Myndin leggur áherslu á það sem fólki er sameiginlegt. Áhugavert væri
að sjá hvaða tækifæri börnin hafa til að láta draumana rætast. Þá þarf
skýringar, þekkingu á landafræði, samfélagsmynd o.fl. til að skilja.

Verður námsefnið *Umhverfis jörðina* til þess að nemendur nálgist óþekkt umhverfi með því að kynnast lifandi fólki og daglegu lífi þess, kynnast listum, bókmenntum, vikublöðum, tónlist ...? Nemendur þurfa að öðlast reynslu af margs konar tjáningarmáta, skilja ólík blæbrigði málsins. Í því efni gegnir móðurmálið lykilhlutverki, nemendur átta sig á því að málið veitir skilning á eigin veröld og opnar samskiptaleiðir milli manna.

Nemandi í 10. bekk lýsti einu sinni djúpri hrifningu sinni á tilverunni þannig að ætla má að þar felist kjarni þess verkefnis sem nú er hafið:

Ég er gagntekin af heiminum umhverfis mig.

Ég er gagntekin af heiminum innan í mér.

Ég er gagntekin af því hvernig þessir tveir heimar mætast.

Hanne Bixtofte Pedersen

Ágúst 1998



Lærerens rejseshåndbog
Þýðing - SK okt/nóv